RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Helgi Jensson
Kt. 1409623769
Dags. 16.2.2023 11:36:06
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Arna Lára Jónsdóttir
Kt. 3005765759
Dags. 17.2.2023 10:18:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigríður Björk Guðjónsdóttir
Kt. 1007695229
Dags. 21.2.2023 15:21:03
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Jón Páll Hreinsson
Kt. 0904734179
Dags. 21.2.2023 18:36:49
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þorgeir Pálsson
Kt. 1004635989
Dags. 24.2.2023 14:53:53
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þórdís Sif Sigurðardóttir
Kt. 1803784999
Dags. 28.2.2023 14:23:32
Ástæða: Undirritun

Útgáfa 1.0
10.02.2023

# VIÐBRAGÐSÁÆTLUN ALMANNAVARNA

# Viðbragðsáætlun vegna hópslysa í umdæmi Lögreglustjórans á Vestfjörðum



Lögreglustjórinn á Vestfjörðum
Ríkislögreglustjóri
Almannavarnanefndir
Bolungarvíkur,
Ísafjarðar og Súðavíkur
Reykhóla og Stranda,
Vesturbyggðar og Tálknafjarðar

**Viðbragðsáætlun vegna hópslysa í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum**

**Unnin af Ríkislögreglustjóranum,**
**Lögreglustjóranum á Vestfjörðum**
**Almannavarnarnefndir**
**Bolungarvíkur,**
**Ísafjarðar og Súðavíkur,**
**Reykhóla og Stranda**
**Vesturbyggðar og Tálknafjarðar,**

**Athugasemdir við áætlunina skal senda til almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra í netfangið**

**almannavarnir@almannavarnir.is**

**Efnisyfirlit**


**1. INNGANGUR ... 5**

**2. STAÐHÆTTIR ... 6**

**3. SKILGREININGAR ... 7**

3.1 VIRKJUN ... 7
3.2 NEYÐARSTIG ... 7
3.3 AFBOÐUN ... 7
3.4 SKAMMSTAFANIR ... 8

**4. BOÐUN ... 9**

4.1 NEYÐARSTIG – SUNNANVERÐIR – VESTFIRÐIR ... 10
4.2 NEYÐARSTIG – NORÐANVERÐIR - VESTFIRÐIR ... 11
4.3 NEYÐARSTIG – AUSTANVERÐIR – VESTFIRÐIR ... 12
4.4 NEYÐARSTIG – HORNSTRANDIR ... 14

**5. STJÓRNKERFI ... 15**

5.1 GRUNNEININGAR, HLUTVERK OG TENGINGAR STJÓRNKERFISINS ... 15
5.2 AÐGERÐASTJÓRN ... 16
5.3 VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR AÐGERÐASTJÓRN ... 17
5.4 VETTVANGSSTJÓRN ... 18
5.5 VERKÞÁTTASTJÓRAR ... 19
5.6 VERKÞÁTTASKIPURIT FYRIR VETTVANGSSTJÓRN ... 20
5.7 SAMHÆFINGARSTÖÐIN ... 21
5.8 FJÖLMIÐLAR ... 22
5.9 RANNSÓKN VETTVANGS ... 22

**6. STARFSSVÆÐI VIÐ HÓPSLYS ... 23**

6.1 MÓTTÖKUSTAÐUR BJARGA (MÓT) ... 24
6.2 BIÐSVÆÐI Á VETTVANGI (BF, BH OG BTB) ... 25
6.3 SLYSASTAÐUR OG NÆSTA NÁGRENNI (SLY) ... 26
6.4 SÖFNUNARSVÆÐI SLASAÐRA (SSS) ... 27
6.5 SÖFNUNARSVÆÐI LÁTINNA (SSL) ... 28
6.6 GÆSLUSTÖRF Á VETTVANGI ... 29
6.7 SÖFNUNARSVÆÐI AÐSTANDENDA (SSA) ... 30
6.8 FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐ (FHS) ... 31
6.9 FJÖLDAHJÁLPARSTÖÐVAR ... 31
6.10 LENDINGARSTAÐIR Á SVÆÐINU ... 32
6.11 HÚSNÆÐI SEM GÆTI HENTAÐ SEM SKJÓL / SSS ... 32
6.12 TALNING / SKRÁNING ... 33

**7. HÓPSLYS Á HORNSTRÖNDUM ... 34**

7.1 ... 34

**8. VERKEFNI VIÐBRAGÐSAÐILA ... 35**

8.1 NEYÐARLÍNAN 112 ... 36
8.2 ALMANNAVARNADEILD RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA ... 36
8.3 FJARSKIPTAMIÐSTÖÐ RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA ... 36
8.4 SAMHÆFINGARSTÖÐIN ... 37
8.5 AÐGERÐARSTJÓRN ... 38
8.6 VETTVANGSSTJÓRN ... 38
8.7 LÖGREGLAN VESTFJÖRÐUM ... 39
8.8 SLÖKKVILIÐ Í UMDÆMINU – VESTFIRÐIR ... 39
8.9 SLÖKKVILIÐ Í UMDÆMINU – DRS – DALIR -REYKHÓLAR OG STRANDIR ... 40
8.10 SJÚKRAFLUTNINGAR Í UMDÆMINU – VESTFIRIÐR ... 40
8.11 SJÚKRAFLUTNINGAR Í UMDÆMINU – VESTURLAND ... 40
8.12 HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTFJARÐA ( HVEST ) ... 41
8.13 HEILBRIGÐISSTOFNUN VESTURLANDS ( HVE ) ... 41
8.11 LANDSPÍTALINN ... 42
8.12 SVÆÐISSTJÓRNIR Á SVÆÐUM 6,7 OG 8 ... 42
8.13 BJÖRGUNARSVEITIR Á SVÆÐUM 6,7 OG 8 ... 42

8.14 Landsstjórn Björgunarsveita ........ 43
8.15 Rauði krossinn á Íslandi Landsskrifstofa ........ 43
8.16 Landhelgisgæsla Íslands ........ 43
8.17 Samráðshópur áfallahjálpar í SST ........ 43
8.18 Vegagerðin ........ 44

**9. FJARSKIPTASKIPULAG ........ 45**

9.1. Grunnskipulag fjarskipta ........ 45

**10. KORT ........ 47**

10.1. Umdæmið og svæðaskipting ........ 47

**10. DREIFINGARLISTI ........ 48**

**11. BREYTINGASAGA ........ 49**

**12. VIÐAUKAR ........ 50**

12.2. Talningablað ........ 50

# 1. INNGANGUR

Viðbragðsáætlunin segir fyrir um skipulag og stjórnun aðgerða í kjölfar hópslyss í umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum. Hún er unnin af almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Embætti lögreglustjórans á Vestfjörðum, almannavarnanefndum Vesturbyggðar og Tálknafjarðar, Bolungarvíkur, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps, Strandabyggðar og Reykhólahrepps, ásamt fleiri aðilum frá hjálpar- og björgunaraðilum sem starfa innan umdæmisins. Allir viðbragðsaðilar og aðrir, sem nefndir eru í áætluninni, voru hafðir með í ráðum.

Markmið áætlunarinnar eru að tryggja skipulögð viðbrögð við hópslysum og að þolendum berist öll nauðsynleg aðstoð á sem skemmstum tíma. Viðbragðsáætlunin er til leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð en felur ekki í sér endanleg fyrirmæli. Þannig getur lögreglustjóri ákveðið breytta starfstilhögun með tilliti til ástands og aðstæðna hverju sinni.

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans, ber ábyrgð á virkni áætlunarinnar og þessir aðilar vinna saman að uppfærslum og lagfæringum á henni en ritstjórn er á ábyrgð almannavarnadeildar. Áætlunin skal uppfærð á a.m.k. þriggja ára fresti en boðunarlista hjá Neyðarlínunni skal uppfæra eins oft og þörf krefur og eigi sjaldnar en árlega. Áætlun skal einnig yfirfarin strax að lokinni æfingu og/eða ef hún hefur verið virkjuð vegna slyss.

Á sama hátt skal lögreglustjórinn á Vestfjörðum í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjórans, beita sér fyrir því að allir þættir áætlunarinnar séu æfðir að minnsta kosti á fimm ára fresti. Einnig skal hann stuðla að reglubundnum æfingum einstakra verkþátta.

Allir sem tengjast áætluninni skulu taka saman verkáætlun með gátlistum um það hvernig þeir leysa þau verkefni sem þeim eru falin skv. 8. kafla. Uppfærsla gátlista er á ábyrgð viðkomandi starfseininga.

Áætlunin miðast við verkþáttaskipuritið SÁBF vegna aðgerða á slysavettvangi.

Við gerð áætlunarinnar var stuðst við lög nr. 82/2008 um almannavarnir, 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, 2. gr. brunavarnalaga nr. 75/2000, lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 323/2010, um gerð viðbragðsáætlana.

Áætlunin telur þegar gildi

10.02.2023

Rafræn undirritun, sjá forsíðu

Ríkislögreglustjóri

Lögreglustjórinn á Vestfjörðum

Almannavarnarnefndir,

Bolungarvíkur

Ísafjarðar og Súðavíkur

Reykhóla og Strandabyggðar

Vesturbyggðar og Tálknafjarðar

## 2. STAÐHÆTTIR

Umdæmi lögreglustjórans á Vestfjörðum nær yfir allan Vestfjarðarkjálkann. Innan umdæmisins fellur einnig hálfur Breiðafjörður, ásamt þeim eyjum sem þar eru, þ.á.m. Flatey. Sýslumörk eru við Vestur-Húnavatnssýslu í austri og Snæfells- og Dalasýslu í suðri.

Einkenni Vestfjarða eru djúpir firðir með bröttum fjöllum sem eru flöt að ofan sem veldur því að það verður mikil snjóasöfnun ofan á fjöllunum sem síðan skefur fram af brúnunum niður í hlíðar og gil. Snjóflóðahætta er því mikil. Bratti fjallanna veldur einnig hættu á aurskriðum í vætutíð. Umdæmið allt er alls 9.408 $km^2$.

Sveitarfélög innan umdæmisins eru Reykhólahreppur, Strandabyggð, Kaldrananeshreppur, Árneshreppur, Súðavíkurhreppur, Ísafjarðarbær, Bolungarvíkurkaupstaður, Vesturbyggð og Tálknafjörður. 1. janúar 2020 voru íbúar á Vestfjörðum 7.205. Íbúafjöldinn skiptist þannig að í Bolungarvík búa 956, í Ísafjarðarbæ 3.840, í Reykhólahreppi 233, á Tálknafirði 255, í Vesturbyggð 1.131, í Súðavíkurhreppi 215, í Árneshreppi 42, í Kaldrananeshreppi 109 og í Strandabyggð 424.

Helstu vegir umdæmisins er Vestfjarðavegur, vegur nr. 60, sem liggur frá umdæmismörkum við norðanverða Gilsfjarðarbrú og vestur í Vatnsfjörð. Þar fer vegurinn yfir Dynjandisheiði í norðurátt, niður í Dynjandisvog í Arnarfirði. Vegurinn liggur úr Arnarfirði í gegnum Dýrafjarðargöng og inn í samnefndan fjörð. Úr Dýrafirði liggur vegurinn yfir einbreiða brú, yfir fjörðinn, út fjörðinn og upp á Gemlufallsheiði og niður í Önundarfjörð. Úr Önundarfirði eru jarðgöng með gatnamótum, annars vegar til Súgandafjarðar og hins vegar til Skutulsfjarðar. Vegurinn mætir þar Djúpvegi, vegi nr. 61, sem liggur frá Bolungarvík, og um alla firði Ísafjarðardjúps, austur í Ísafjörð, þar yfir Steingrímsfjarðarheiði, að Hólmavík, og suður Þröskulda, þar sem vegurinn mætir vegi nr. 60 á nýjan leik. Auk þessa Vestfjarðahrings vega nr. 60 og 61, mynda vegir nr. 62 og 63, hring frá Vatnsfirði, yfir Kleifaheiði, um Patreksfjörð, Tálknafjörð og um Bíldudal í Tálknafirði, þar til vegurinn tengist vegi nr. 60 á Dynjandisheiði. Vegur 635 liggur frá Djúpvegi 61 í Unaðsdal á Snæfjallaströnd. Vegur 643 Strandavegur liggur frá Djúpvegi 61 í Steingrímsfirði norður í Norðurfjörð á Ströndum. Vegur 645 Drangsnesvegur liggur í hring út frá Strandavegi í Steingrímsfirði um Drangsnes og að Strandavegi í Bjarnafirði.

Vegir Vestfjarða liggja um fjölda fjallvega og heiðar, styttri og lengi, margar brattar og þar sem snjóþungt getur orðið. Öryggi hefur þó batnað með tilkomu Bolungarvíkurgangna og gangna undir Breiðadals- og Botnsheiði, auk þess sem göngin milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar voru tekin í gagnið síðla árs 2020. Þótt vegaöryggi hafi batnað á síðustu árum liggja margir vegir undir snarbröttum hlíðum og á þröngum vegasvæðum.

Með aukningu ferðamanna á Vestfjarðakjálkanum, bæði á einkabílum og í rútum, getur skapast mikil hætta á vegum, en fjölgun ferðamanna hefur jafnframt í för með sér annars konar hættu á slysum, s.s. vegna ævintýra- eða íþróttaferða, s.s. skíða og snjósleðaferða, sjó- og kayakferða og fjallagangna.

Áætlun þessi nær fyrst og fremst til viðbragða við hópslysi, sem kann að verða innan umdæmisins. Slys, sem falla undir þá skilgreiningu, geta verið með nokkrum hætti, s.s. slys sem verður á hafi skammt frá landi, flugslys utan flugvalla og ekki síst umferðarslys, þar sem til koma eitt eða fleiri ökutæki. Verður áætlunin sniðin að síðastnefnda slysaflokknum, en verður hún þó auðveldlega yfirfærð á aðra flokka hópslysa.

Viðbragðsáætlun þessi nær til alls umdæmis lögreglunnar á Vestfjörðum

Aðsetur lögreglustjórans á Vestfjörðum er að Hafnarstræti 1 á Ísafirði, þar sem skrifstofa lögreglustjóra er og ein þriggja lögreglustöðva umdæmisins, en þar er sólarhringsvakt, allan ársins hring. Þá er einnig varðstöð á Hólmavík og á Patreksfirði. Sólarhringsvaktinni á Ísafirði er ætlað að vera bakland hinna tveggja lögreglustöðvanna, sér í lagi meðan bakvakt stendur yfir á þeim stöðvum.

Sjúkrahús er á Ísafirði og Patreksfirði, en heilsugæslustöð er á Hólmavík og í Búðardal, en sú síðarnefnda tilheyrir umdæmi lögreglustjórans á Vesturlandi. Náið samstarf er þó um heilbrigðisþjónustu á svæðinu, þvert á umdæmi lögreglustjóra, þar sem Strandir, Reykhólar og Búðardalur tilheyra heilbrigðisumdæmi Vesturlands. Á fyrrgreindum stöðum starfa heilbrigðisstarfsfólk. Sjúkrabifreiðar eru á Hólmavík, Patreksfirði og Ísafirði, auk þess sem ein sjúkrabifreið er staðsett á Þingeyri. Að auki eru tvær sjúkrabifreiðar staðsettar í Búðardal.

Almannavarnarnefndir á Vestfjörðum eru nokkrar. Almannavarnarnefnd Bolungarvíkur, Almannavarnarnefnd Ísafjarðar og Súðavíkurhrepps, Almannavarnarnefnd Strandabyggðar, Almannavarnarnefnd Reykhólahrepps, Almannavarnarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar.

Aðgerðastjórn er ein fyrir alla Vestfirði, og starfar á Ísafirði. Er hún bakland þeirra þriggja vettvangsstjórna á Vestfjörðum.

# 3. SKILGREININGAR

## 3.1 Virkjun

Viðbragðsáætlunina er eingöngu virkjuð á neyðarstigi samkvæmt skilgreiningu um almannavarnastig.

Þeir sem heimild hafa til að virkja áætlunina eru:

- **Lögreglan á Vestfjörðum**
- **Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra**
- **Almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra**

Þegar áætlunin hefur verið virkjuð er aðgerðum stýrt af aðgerðastjórn. Aðgerðastjórn metur hvort þörf er á að boða fleiri aðila til starfa.

Einungis aðgerðastjóri eða Samhæfingarstöðin hafa heimild til þess að afboða eftir að áætlunin hefur verið virkjuð. Aðgerðastjóri og Samhæfingarstöðin hafa samráð um afboðun.

## 3.2 Neyðarstig

**Skilgreining:**

Alvarlegt slys eða atburður hefur orðið og þörf er á að margir viðbragðsaðilar eða stofnanir sinni verkefninu.

Umfang viðbragða er gefið til kynna með notkun litanna GRÆNN og RAUÐUR. Litirnir gefa til kynna hversu mikils viðbúnaðar sé þörf, svo sem fjölda þeirra eininga sem eru virkjaðar í þágu almannavarna í hvert sinn, þörfina fyrir samhæfingu og fjölda stjórnstiga.

a. Grænt – dagleg verkefni

Slys eða atburður sem sinnt af fáum viðbragðsaðilum eða stofnunum þar sem dagleg skipan mála á viðbúnaði er nægjanleg til þess að eiga við verkefnið. Upplýsingaflæði tryggt á milli allra viðbragðsaðila.

b. Rautt – stórslys og hamfarir

Mjög umfangsmikið slys eða atburður svo sem leit eða björgun við erfiðar aðstæður eða á mörgum svæðum. Þörf á aðkomu mikils fjölda viðbragðsaðila eða stofnana og aukin þörf á samhæfingu og stjórnskipulagi almannavarna.

Þörf á forgangshraða viðbragðsaðila ræðst af alvarleika slyss eða atburðar. Við boðun viðbragðsaðila vegna almannavarnaaðgerða skal nota eftirfarandi skilgreiningar á forgangi:

a. F1 – Mesti hraði.
b. F2 – Mikill hraði.
c. F3 – Lítill hraði.
d. F4 – Ekki forgangur.

## 3.3 Afboðun

Stjórnandi aðgerðar tilkynnir breytingar á neyðarstigi til Neyðarlínu 112, sem sér um framkvæmd hennar. Stjórnandi tilkynnir auk þess um afboðun eða breytingu á háskastigi í gegnum TETRA fjarskipti til þeirra sem hafa verið virkjaðir til starfa.

## 3.4 Skammstafanir

| | |
|---|---|
| **AHS** | Aðhlynningarstjóri |
| **AST** | Aðgerðastjórn /-stjóri |
| **AVN/Av-nefnd** | Almannavarnanefnd |
| **BF** | Biðsvæði flutningstækja |
| **BH** | Biðsvæði hjálparliðs |
| **BTB** | Biðsvæði tækja og búnaðar |
| **ETA** | Áætlaður komutími (Estemated Time of Arrival) |
| **ETD** | Áætlaður brottfarartími (Estemated Time of Departure) |
| **F** | Verkþátturinn Flutningar |
| **FHS** | Fjöldahjálparstöð |
| **G** | Verkþátturinn Gæslustörf |
| **HVEST** | Heilbrigðisstofnunin Vestfjarða |
| **HVE** | Heilbrigðisstofnun Vesturlands |
| **IL** | Innri lokun |
| **JRCC** | Landhelgisgæslan stjórnstöð (Joint Rescue Coordination Centre) |
| **L og B** | Verkþátturinn Leit og björgun |
| **LSH** | Landspítali Háskólasjúkrahús |
| **LÞ** | Lendingarsvæði fyrir þyrlur |
| **Mhz** | Megahertz |
| **MÓT** | Móttökustaður fyrir bjargir |
| **RKÍ** | Rauði krossinn á Íslandi |
| **RNSA** | Rannsóknarnefnd samgönguslysa |
| **S og F** | Verkþátturinn Sjúkra- og fjöldahjálp |
| **SÁBF** | **S**tjórnun – **Á**ætlun – **B**jargir – **F**ramkvæmd |
| **SLY** | Slysstaður / slysavettvangur |
| **SSA** | Söfnunarsvæði aðstandenda |
| **SSL** | Söfnunarsvæði látinna |
| **SSS** | Söfnunarsvæði slasaðra |
| **SSÚ** | Söfnunarsvæði útsettra |
| **SST** | Samhæfingarstöðin |
| **VHF** | Very High Frequency (Fjarskiptatíðni) |
| **VST** | Vettvangsstjórn / -stjóri |
| **YL** | Ytri lokun |

## 4. BOÐUN

Neyðarlínan 112 annast boðun vegna viðbragðsáætlunarinnar eftir beiðni eins af eftirtöldum aðilum:

- **Lögreglustjórans á Vestfjörðum**
- **Fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra**
- **Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra**

Sem hluti af viðbragðsáætluninni er unnin boðunaráætlun.

**Henni skal skipt upp í 4 svæði sem eru skilgreind undir starfsstöðvum lögreglunnar og einnig eitt svæði fyrir Friðlandið á Hornströndum**

Setja skal fram líklega staðsetningu atburðar, umfang og fjölda þolenda

Slíkar boðunaráætlanir eru fjórar í gagnagrunnum Neyðarlínurnar og eru fullbúinnar til boðunar sem framkvæmd er að neyðarverði hverju sinni og skiptast eins og hér segir

**Sunnanverðir Vestfirðir,**

**Norðanverðir Vestfirðir,**

**Austanverðir Vestfirðir**

**Hornstrandir**




Slíkar boðunaráætlanir eru fjórar í gagnagrunnum Neyðarlínurnar og eru fullbúinnar til boðunar sem framkvæmd er að neyðarverði hverju sinni og skiptast eins og hér segir

**Áætlunin er eingöngu virkjuð á Neyðarstigi**

## 4.1 Neyðarstig – SUNNANVERÐIR – VESTFIRÐIR

**Neyðarlína 112 boðar með SMS: NEYÐARSTIG – HÓPSLYS – SUNNANVERÐIR VESTFIRÐIR – GRÆNN**

| | |
|---|---|
| AV | AV – Vestfirðir – Aðgerðarstjórn |

**Neyðarlína 112 boðar með SMS: NEYÐARSTIG – HÓPSLYS – SUNNANVERÐIR VESTFIRÐIR – RAUÐUR**

| | |
|---|---|
| Aðrir | Rannsóknarnefnd samgönguslysa - umferðarslys |
| Aðrir | RKÍ - Samráðshópur áfallahjálpar / Vestfirðir |
| Aðrir | RKÍ - Vestfirðir / Bíldudalur |
| Aðrir | RKÍ - Vestfirðir / Patreksfjörður |
| Aðrir | RKÍ - Vestfirðir / Tálknafjörður |
| Aðrir | Vegagerðin / Vaktstöð Suður |
| Aðrir | Vegagerðin / Vestursvæði - Patreksfjörður |
| Almannavarnir | AV Vestfirðir / Aðgerðarstjórn |
| Almannavarnir | AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 1 - starfsmenn RLS |
| Almannavarnir | AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 2 - Áhöfn SST |
| Almannavarnir | AVD Ríkislögreglustjóra / Samráðshópur áfallahjálpar SST |
| Almannavarnir | AVD Ríkislögreglustjóra / Bakvakt almannavarnardeildar RLS |
| Björgunarsveitir | 06 - Blakkur-PF / Útkall |
| Björgunarsveitir | 06 - BRÆÐRAB-RAUÐASANDI /Útkall |
| Björgunarsveitir | 06 - SVSTJ / Útkall |
| Björgunarsveitir | 06- HS-LÓMAFELL - BRJÁLSLÆK / Útkall |
| Björgunarsveitir | 06- KÓPUR -BÍLDUDAL / Útkall |
| Björgunarsveitir | 06- TÁLKNI - TÁLKNAFJ / Útkall |
| Björgunarsveitir | LANDSTJÓRN / Útkall |
| Björgunarsveitir | Skrifstofa / Útkall |
| LHG | Landhelgisgæslan / LHG Útkallslið LHG |
| Læknar | HVEST Ísafirði / Viðbragðsstjórn HVEST Ísafirði |
| Læknar | HVEST Patreksfirði / Starfsfólk HVEST Patreksfirði |
| Læknar | HVEST Patreksfirði / Vaktlæknir |
| Læknar | HVE - Akranesi / Viðbragðsstjórn HVE |
| Lögregla | 314 Vestfirðir / Allir Vestfjörðum |
| Lögregla | 06 FMR / Vegna boðunaráætlana |
| Sjúkraflutningar | 36 - Búðardalur / 36-BÚÐ-01 |
| Sjúkraflutningar | 44 - Patreksfjörður / 44 - PFJ-01 |
| Sjúkraflutningar | 44 - Patreksfjörður / 44 - PFJ-02 |
| Slökkvilið | 36 - Brunavarnir DRS / 100 - Búðardalur |
| Slökkvilið | 36 - Brunavarnir DRS / 200 - Reykhólar |
| Slökkvilið | 36 - Brunavarnir DRS / 300 - Hólmavík |
| Slökkvilið | 44 - Vesturbyggð / BLD - Annað |
| Slökkvilið | 44 - Vesturbyggð / PATR - Annað |
| Slökkvilið | 44 - Vesturbyggð / TÁLK - Annað |

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

## 4.2 Neyðarstig – NORÐANVERÐIR - VESTFIRÐIR

**Neyðarlína 112 boðar með SMS: NEYÐARSTIG – HÓPSLYS – NORÐANVERÐIR - VESTFIRÐIR – GRÆNT**

| | |
|---|---|
| AV | AV – Vestfirðir – Aðgerðarstjórn |

**Neyðarlína 112 boðar með SMS: NEYÐARSTIG – HÓPSLYS – NORÐANVERÐIR – VESTFIRÐIR -RAUTT**

| | |
|---|---|
| Aðrir | Rannsóknarnefnd samgönguslysa - umferðarslys |
| Aðrir | RKÍ - Samráðshópur áfallahjálpar / Vestfirðir |
| Aðrir | RKÍ - Vestfirðir / Allir N Vestfirðir |
| Aðrir | Vegagerðin / Vaktstöð Suður |
| Aðrir | Vegagerðin / Vestursvæði - Ísafjörður |
| Almannavarnir | AV Vestfirðir / Aðgerðarstjórn |
| Almannavarnir | AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 1 - starfsmenn RLS |
| Almannavarnir | AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 2 - Áhöfn SST |
| Almannavarnir | AVD Ríkislögreglustjóra / Samráðshópur áfallahjálpar SST |
| Almannavarnir | AVD Ríkislögreglustjóra / Bakvakt almannavarnardeildar RLS |
| Björgunarsveitir | 07 - LANDSSTJÓRN / Útkall |
| Björgunarsveitir | 07 - BFJ-ÍSAFJ / Útkall |
| Björgunarsveitir | 07 - BJÖRG - SUÐUREYRI / Útkall |
| Björgunarsveitir | 07 - DÝRI - ÞINGEYRI / Útkall |
| Björgunarsveitir | 07 - ERNIR - BOL / Útkall |
| Björgunarsveitir | 07 - KORFI - SÚÐAVÍK / Útkall |
| Björgunarsveitir | 07 - SVSTJ / Útkall |
| Björgunarsveitir | 07 - SÆBJÖRG - FLATEYRI /Útkall |
| Björgunarsveitir | 07 - TINDAR - HNÍFSDAL / Útkall |
| Björgunarsveitir | SKRIFSTOFA / Útkall |
| LHG | Landhelgisgæslan / LHG Útkallslið LHG |
| Læknar | HVEST Ísafirði / Viðbragðsstjórn HVEST Ísafirði |
| Læknar | HVEST ÍSAFIRÐI / HÓPSLYS 2 - HVEST Ísafirði |
| Læknar | LSH Fossvogi / LHS Bráðasvið stjórnendur |
| Lögregla | 314 Vestfirðir / Allir Vestfjörðum |
| Lögregla | 06 FMR / Vegna boðunaráætlana |
| Sjúkraflutningar | 41 - Ísafjörður / 41 - ÍSA - 101 |
| Sjúkraflutningar | 42 - Ísafjörður / 42 - 102 |
| Sjúkraflutningar | 43 - Þingeyri / 43 - ÞEY -01 |
| Sjúkraflutningar | 52 - Hólmavík / 52 HÓL-01 |
| Slökkvilið | 36 - Brunavarnir DRS / 300 - HÓLMAVÍK |
| Slökkvilið | 41 - Ísafjörður / 41 - ÍSA - 100 |
| Slökkvilið | 41 - Ísafjörður / 41 - ÍSA - 200 |
| Slökkvilið | 41 - Ísafjörður/ 41 - SÚÐV - ELDUR |
| Slökkvilið | 41 - Ísafjörður / 41 - ÞIN - ELDUR |
| Slökkvilið | Bakvakt Sl.liðs ÍSA v. Bolungarvíkur |
| Slökkvilið | 42 - Bolungarvík / 42 - BOL - 100-ELDUR |

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

## 4.3 Neyðarstig – AUSTANVERÐIR – VESTFIRÐIR

**Neyðarlína 112 boðar með SMS: NEYÐARSTIG – HÓPSLYS – AUSTANVERÐIR – VESTFIRÐIR – GRÆNT**

| | |
|---|---|
| AV | AV – Vestfirðir – Aðgerðarstjórn |

**Neyðarlína 112 boðar með SMS: NEYÐARSTIG – HÓPSLYS – AUSTANVERÐIR – VESTFIRÐIR – RAUTT**

| | |
|---|---|
| Aðrir | Rannsóknarnefnd samgönguslysa - umferðarslys |
| Aðrir | RKÍ - Samráðshópur áfallahjálpar / Vestfirðir |
| Aðrir | RKÍ - Vestfirðir / Reykhólar |
| Aðrir | RKÍ - Vestfirðir / Strandir |
| Aðrir | RKÍ - Vestfirðir / Súðavík |
| Aðrir | Vegagerðin / Vaktstöð Suður |
| Aðrir | Vegagerðin / Vestursvæði - Hólmavík |
| Aðrir | Vegagerðin / Vestursvæði - Búðardalur |
| Almannavarnir | AV Vestfirðir / Aðgerðarstjórn |
| Almannavarnir | AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 1 - starfsmenn RLS |
| Almannavarnir | AVD Ríkislögreglustjóra / Hópur 2 - Áhöfn SST |
| Almannavarnir | AVD Ríkislögreglustjóra / Samráðshópur áfallahjálpar SST |
| Almannavarnir | AVD Ríkislögreglustjóra / Bakvakt almannavarnardeildar RLS |
| Björgunarsveitir | 05 - ÓSK - BÚÐARDAL / Útkall |
| Björgunarsveitir | 07 - KORFI - SÚÐAVÍk / Útkall |
| Björgunarsveitir | 07 - SVSTJ / Útkall |
| Björgunarsveitir | 08 - BJÖRG - DRANGSNESI / Útkall |
| Björgunarsveitir | 08 - DAGRENNING - HÓLMAVÍK / Útkall |
| Björgunarsveitir | 08 - HEIMAMENN - REYKHÓLAR Útkall |
| Björgunarsveitir | 08 - STRANDASÓL / Útkall |
| Björgunarsveitir | 08 - SVSTJ / Útkall |
| Björgunarsveitir | LANDSSTJÓRN / Útkall |
| Björgunarsveitir | SKRIFSTOFA / Útkall |
| LHG | Landhelgisgæslan / LHG Útkallslið LHG |
| Læknar | HVEST Ísafirði / Viðbragðsstjórn HVEST Ísafirði |
| Læknar | HVE - Akranesi / Viðbragðsstjórn HVE |
| Læknar | HVE - Hólmavík / Vaktlæknir |
| Læknar | HVEST ÍSAFIRÐI / HÓPSLYS 2 - HVEST Ísafirði |
| Læknar | LSH Fossvogi / LHS Bráðasvið stjórnendur |
| Lögregla | 314 Vestfirðir / Allir Vestfjörðum |
| Lögregla | 06 FMR / Vegna boðunaráætlana |
| Sjúkraflutningar | 41 - Ísafjörður / 41 - ÍSA -01 |
| Sjúkraflutningar | 36 - Búðardalur / 36 - BÚÐ - 01 |
| Sjúkraflutningar | 36 - Búðardalur / 36 - BÚÐ - 02 |
| Sjúkraflutningar | 52 - Hólmavík / 52 - HÓL -01 |
| Slökkvilið | 36 - Brunavarnir DRS / 100 - BÚÐARDALUR |
| Slökkvilið | 36 - Brunavarnir DRS / 200 - REYKHÓLAR |
| Slökkvilið | 36 - Brunavarnir DRS / 300 - HÓLMAVÍK |

| | |
|---|---|
| Slökkvilið | 36 - Brunavarnir DRS |
| Slökkvilið | 41 - Ísafjörður / 41 -SÚÐV - ELDUR |
| Slökkvilið | 41 - Ísafjörður / 41 -ÍSA - 100 |
| Slökkvilið | 53 - Drangsnes / 53 - DRA - ELDUR |

Í kafla 8 eru tilgreind hlutverk hvers aðila í áætluninni.

## 4.4 Neyðarstig – HORNSTRANDIR

**Neyðarlína 112 boðar með SMS: NEYÐARSTIG – HÓPSLYS – HORNSTRANDIR - GRÆNT**

| | |
|---|---|
| AV | AV – Vestfirðir - Aðgerðarstjórn |

**Neyðarlína 112 boðar með SMS: NEYÐARSTIG – SLYS – HORNSTRANDIR - RAUTT**

**Þessi boðhópur er enn í vinnslu**
**og er vísvindandi ekki virkur**

| | |
|---|---|
| Aðrir | RKÍ - Neyðarmiðstöð |
| Aðrir | Vegagerðin – Vaktstöð suður |
| AV | AV- Vestfirðir - Aðgerðarstjórn |
| AV | AVD -ríkislögreglustjóri – Hópur 1 |
| AV | AVD – ríkislögreglustjóri – Hópur 2 |
| AV | AVD – Samráðshópur áfallahjálpar SST |
| AV | AVD – Bakvakt AVD |
| BS | 07 - Svæðisstjórn |
| BS | 08 - Svæðisstjórn |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |
| | |

# 5. STJÓRNKERFI

## 5.1 Grunneiningar, hlutverk og tengingar stjórnkerfisins

### Stjórnkerfið – Grunneiningar – Hlutverk – Tenging



## 5.2 Aðgerðastjórn

Yfirstjórn aðgerða samkvæmt viðbragðsáætluninni er á ábyrgð lögreglustjórans á Vestfjörðum sem skipar AST í samvinnu við almannavarnanefndir.

Aðgerðastjórn starfar í samvinnu við Samhæfingarstöðina. Í stjórn aðgerða felst m.a. skipulag björgunar- og hjálparstarfa vegna hættu eða tjóns sem getur eða hefur skapast og að stýra neyðaraðgerðum í samvinnu við SST.

Lögreglustjóri eða fulltrúi hans tilnefnir vettvangsstjóra er fari með stjórn og samhæfingu á vettvangi.

**Aðgerðastjórn er skipuð:**

| |
|---|
| Aðgerðastjóri: Lögreglustjóri eða fulltrúi hans |
| Fulltrúi Slökkviliðs Ísafjarðar |
| Fulltrúi HVEST |
| Fulltrúi svæðisstjórna björgunarsveita, svæði 7 |
| Fulltrúi Rauða krossins |
| Fulltrúi almannavarnarnefndar |

**Aðgerðastjórn skal huga að starfsliði til að sinna eftirtöldum verkefnum:**

- Símsvörun
- Skráningum og almennri ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskiptum

**Helstu verkefni aðgerðastjórnar:**

Stjórn, samhæfing og forgangsröðun heildaraðgerða innan aðgerðasvæðisins

Endurmat á almannavarnarstigi og umfangi, í samvinnu við RLS

Samskipti við vettvangsstjóra

Virkjun starfseininga innan umdæmisins, umfram áætlun þessa

Heildarskipulag fjarskipta og annarra samskipta innan aðgerðasvæðisins

Samskipti við sjúkrastofnanir innan aðgerðasvæðisins

Samskipti við Samhæfingarstöðina

Samskipti við fjölmiðla (sjá kafla 5.8)

Samskipti við söfnunarsvæði aðstandenda SSA

Tryggja aðkomu kennslanefndar

Samskipti við rannsóknarnefnd umferðaslysa

Vinna samkvæmt verkþáttaskipuritinu fyrir aðgerðastjórn

Við lok aðgerða virkjar AST samráðshóp áfallahjálpar í umdæminu

**Aðsetur aðgerðastjórnar:**

**Aðalaðsetur:**

Björgunarmiðstöðin á Ísafirði, Sindragötu 6, Ísafirði

**Varaaðsetur:**

Lögreglustöðin á Ísafirði

## 5.3 Verkþáttaskipurit fyrir aðgerðastjórn

Verkaskipting er samkvæmt verkþáttaskipuriti SÁBF fyrir aðgerðastjórn. Aðgerðastjóri getur breytt verkaskiptingu ef hann telur þörf á.



## 5.4 Vettvangsstjórn

Stjórn og samhæfing á vettvangi er í höndum vettvangsstjóra sem er tilnefndur af lögreglustjóra eða fulltrúa hans. Vettvangsstjóri kemur að jafnaði úr röðum lögreglunnar. Hann skal að jafnaði hafa þjálfun og reynslu af vettvangsstjórn, sé þess kostur.

Vettvangsstjóri getur kallað til fleiri aðila honum til aðstoðar telji hann þörf á því, s.s. fulltrúum frá slökkviliði og/eða björgunarsveit.

Vettvangsstjóri skal skipta verkefnum milli aðila í VST eftir aðstæðum hverju sinni.

VST skal skipa fólk í skráningu, fjarskipti og önnur störf eftir þörfum.

Mikilvæg verkefni VST:

- Heildarstjórn og samhæfing aðgerða á vettvangi í samræmi við verkþáttaskipuritið SÁBF skv. umboði lögreglustjóra
- Vinna heildarskipulag fyrir vettvang, svo sem staðsetningu SSS, biðsvæða og lokana í samráði við verkþáttastjóra.
- Styðja verkþáttastjóra í þeirra störfum
- Fylgjast með nýtingu bjarga og aðstoðar við ráðstöfun og tilfærslu þeirra.
- Sá sem er skipaður í *Framkvæmd* skal vera í fjarskiptasambandi við verkþáttastjórana (sjá næsta kafla)
- Skipulagning fjarskipta á vettvangi
- Að tryggja fjarskipti við aðgerðastjórn

Aðsetur vettvangsstjórnar:

Vettvangsstjóri ákveður hverju sinni hvar aðsetur vettvangsstjórnar er.

Vettvangsstjórn skal ákveða hvar og hvernig söfnunarsvæðum verður fyrir komið.

## 5.5 Verkþáttastjórar

Á hverju starfssvæði og við hvern verkþátt starfa margar verkeiningar eða starfsstéttir. Nauðsynlegt er að samhæfa störf þeirra og er það hlutverk verkþáttastjóranna, en þeir eru millistjórnendur sem stýra og samhæfa verkþætti á vettvangi í umboði vettvangsstjóra

| Verkþáttastjórar | Aðilar sem skipa verkþáttastjóra | Vinnusvæði |
|---|---|---|
| Björgunarstjóri | Slökkvilið / björgunarsveit | Við slysstað |
| Aðhlynningarstjóri | Heilbrigðisstofnun | Við söfnunarsvæðin |
| Gæslustjóri | Lögreglan | Hreyfanlegur eftir þörfum |
| Flutningastjóri | Svæðisstjórn björgunarsveita | Hreyfanlegur eftir þörfum |

**Fyrstu verk allra verkþáttastjóra eru að:**

- Hafa samband við vettvangsstjórn og fá fyrirmæli.
- Fá yfirsýn yfir bjargir (mannskap og tæki) sem koma og meta hvort þær nægja.
- Skipa undirstjórnendur og útdeila verkefnum.

**Björgunarstjóri** stjórnar og samhæfir starfsemi í eða við slysavettvang , þ.á.m. slökkvistörf, björgun úr flaki/rústum, burð þolenda frá flaki að bráðaflokkunarsvæði og bráðaflokkun.

Verkefni Björgunarstjóra eru:

- **Leit**: Finna og staðsetja þolendur
- **Bráðaflokkun**: Forgangsraða áður en flutt er frá innri lokun.
- **Björgun**: Úr lokuðum rýmum, undan fargi eða öðrum stað.
- **Slökkvistarf**: Stöðva eða hindra útbreiðslu elds.
- **Viðbrögð við mengun**: Hindra útbreiðslu / hreinsa upp.

**Aðhlynningarstjóri** stjórnar og samhæfir starfsemi á söfnunarsvæði slasaðra. Fyrsta verk aðhlynningarstjóra er að undirbúa móttöku á þolendum frá slysstað.

Verkefni Aðhlynningarstjóra:

- **Áverkamat**: Með tilliti til flutnings. Hreyfanlegt. Greina ástand og skrá þolendur.
- **Meðferð**: Til að tryggja öryggi þolenda, fram að og við flutning.
- **Forgangsröðun**: Hverja á að flytja, hvert, hvenær, með hvers konar tæki og hvaða meðferð á að veita.

**Gæslustjóri** stjórnar og samhæfir umferðarstjórn á vettvangi og verndun og gæslu allra starfssvæða á vettvangi.

**Verkefni Gæslustjóra:**

- **Lokun svæða**: Innri lokun, slysstaður og hættusvæði. Ytri lokun, vettvangurinn.
- **Verndun svæða**: Vettvangur og einstök starfssvæði, verndun látinna, verndun rannsóknar-vettvangs, gæsla á lendingarsvæðum, verndun á öðrum starfssvæðum.
- **Umferðarskipulag**: Skipulag umferðar innan innri lokunar, lokanir, og almenn umferð.
- **Talning**: Talning og flæði þolenda.

**Flutningastjóri** stjórnar og samhæfir starfsemi á móttökustað, biðsvæðum og nýtingu flutningatækja. Hann hefur umsjón með framkvæmd sjúkraflutninga og flutningi á óslösuðum.

**Verkefni Flutningastjóra:**

- **Móttaka**: Skráir inn í aðgerðina allar bjargir. (Bjargir mæta á MÓT nema annað sé tekið fram)
- **Biðsvæði**: Biðsvæði hjálparliðs (BH). Biðsvæði flutningstækja (BF). Biðsvæði tækja og búnaðar (BTB).
- **Flutningstæki**: Heildaryfirlit (hvað, hvar, hvenær), stýrir nýtingu bjarga. Tæknileg framkvæmd.

**Undirstjórnendur** vinna undir verkþáttastjórum við stjórnun á ákveðnum verkefnum eða vinnusvæðum. Þeir stýra ákveðnum hóp björgunarmanna.

**Helstu verkefni undirstjórnanda:**

- Aðstoðamaður fylgir verkþáttastjóra í aðgerðum og sér um fjarskipti.
- Stýrir hópi björgunarmanna við ákveðin verkefni eða vinnusvæðið.

## 5.6 Verkþáttaskipurit fyrir vettvangsstjórn

Verkaskipting er samkvæmt verkþáttaskipuriti SÁBF fyrir vettvangsstjórn.  Vettvangsstjóri getur breytt verkaskiptingu ef hann telur þörf á.



## 5.7 Samhæfingarstöðin

Samhæfingarstöðin (SST) er staðsett í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Hlutverk hennar er yfirstjórn á aðstoð milli umdæma og aðstoð ríkisstofnanna jafnt í almannavarnarástandi sem og í öðrum aðgerðum. Flutningur slasaðra milli umdæma og samhæfing allra bjarga á landinu sem eru starfandi utan umdæmis áfallsins. Þegar Samhæfingarstöðin er starfrækt koma saman fulltrúar þeirra eininga sem eru með viðbragðsaðila við störf í aðgerðinni eða aðra hagsmunar aðila. Auk samhæfingar er stöðin ráðgefandi fyrir aðgerðarstjórnir, hún hefur aðgang að vísindamönnum og öðrum sérfræðingum ef á þarf að halda. Þá sér stöðin um samskipti við erlendar bjargir og aðra aðstoð erlendis frá

**SST er skipuð:**

- Bakvaktarmanni eða deildarstjóra AVD eða þeim sem hann tilnefnir – **Stjórnandi**
- Starfsmönnum almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra
- Fulltrúum landsstjórnar björgunarsveita
- Fulltrúum Rauða kross Íslands
- Fulltrúum frá heilbrigðisstofnun
- Fulltrúum Sambands sveitafélaga
- Öðrum eftir atvikum, Veðurstofu, LHG, Isavia, Vegagerð, Raf og fjarskiptafyrirtæki og fleiri

**SST Stjórnandi skipar fólk í eftirfarandi verkefni:**

- Fjölmiðlum í samstarfi við AST á aðgerðarsvæðinu
- Skráningu og almennri ritvinnslu og meðferð upplýsinga
- Fjarskiptum
- Bjargir
- Framkvæmd
- Áætlanir

**Helstu verkefni SST:**

- Stjórn, samhæfing og útvegun bjarga úr öðrum umdæmum
- Endurmat á háskastigi og umfangi í samráði við AST
- Samskipti við AST um Tetra talhóp **Blár SST**
- Virkjun starfseininga utan umdæmisins
- Kalla saman vísindamannaráð, ef þörf krefur
- Hafa samskipti við sjúkrastofnanir utan umdæmis
- Hafa samskipti við fjölmiðla í samstarfi við AST
- Samskipti við ríkisstofnanir
- Samskipti við vísindamenn
- Starfrækja þjónustumiðstöð, ef við á
- Vinna samkvæmt verkþáttaskipuritinu **SÁBF** fyrir SST

**Aðsetur Samhæfingarstöðvarinnar:**

Björgunarmiðstöðin Skógarhlið í Reykjavík

**Til vara:**

Ákvörðun stjórnanda á hverjum tíma

**Kortatákn:** **SST**

## 5.8 Fjölmiðlar

Tvær meginstarfseiningar koma að samskiptum við fjölmiðla.

- Lögreglustjóri / aðgerðastjórn (stjórnandi aðgerðarinnar)
- Samhæfingarstöðin (samhæfing aðgerða)

Að jafnaði getur Samhæfingarstöðin aðstoðað lögreglustjóra / aðgerðastjórn í samskiptum við fjölmiðla, fyrst um sinn.

Mikilvægt er að fulltrúar þessara aðila hafi samráð vegna samskipta við fjölmiðla meðan á aðgerðinni stendur og hugsanlega eftir að henni lýkur.

Fjölmiðlamönnum sem mæta á staðinn skal vísað á öruggan stað þar sem þeir fái upplýsingar og bíða þess að komast að slysstað til myndatöku skv. ákvörðun lögreglustjóra hverju sinni.

**Helstu verkefni í aðgerð:**

- Eins fljótt og auðið er skal senda fréttatilkynningu til fjölmiðla og síðan reglulega eftir því sem þurfa þykir.
- Tilnefna skal einn tengilið við fjölmiðla.
- Ákvarða skal fasta tíma til að senda út upplýsingar um stöðu mála.
- Sé þess kostur skal ákvarða stað þangað sem fjölmiðlar geta komið og fengið upplýsingar.

**Aðgengi að vettvangi:**

Lögreglustjóri tekur ákvörðun um aðgengi fjölmiðla að vettvangi meðan á björgunaraðgerðum og rannsóknarvinnu stendur. Fjölmiðlar sem fá aðgang að slysstað skulu vera í fylgd með fulltrúa stjórnenda. Tryggt skal að aðkoma fjölmiðla trufli ekki aðgerðir og að öllum hlutaðeigandi aðilum sé tryggð fyllsta nærgætni.

**Upplýsingar um afdrif þolenda:**

Upplýsingar um afdrif þeirra, sem lenda í hópslysi, eru á ábyrgð lögreglustjóra og skulu ekki veittar fjölmiðlum nema með vitund og samþykki eftirtalinna eftir því sem við á:

- Lögreglustjóra
- Samhæfingarstöðvarinnar

## 5.9 Rannsókn vettvangs

Mikilvægt er að allir, sem starfa á vettvangi, gæti þess að spilla ekki ummerkjum vegna rannsóknar. Rannsókn vettvangs er tvíþætt. Annars vegar er rannsókn lögreglunnar, sem lýtur að því að upplýsa hvort um refsvert athæfi geti verið að ræða. Hins vegar rannsókn viðkomandi rannsóknarnefndar sem lýtur að því að upplýsa orsök slyssins.

Rannsókn getur hafist samhliða björgunaraðgerðum.

## 6. STARFSSVÆÐI VIÐ HÓPSLYS

Skilgreind starfssvæði vegna hópslysa:

